

## LÖG

### um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (innheimta iðgjalds).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Í upphafi II. kafla laganna koma tvær nýjar greinar, 5. gr. a og 5. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (5. gr. a.)

#### *Starfsemi sjóðsins.*

Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildirnar eru tvær, A-deild og B-deild. Jafnframt starfar við sjóðinn verðbréfadeild. Deildirnar hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.

b. (5. gr. b.)

#### *A-deild.*

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins frá því að þær hefja starfsemi. Iðgjöld skulu vera samtala almenns iðgjalds skv. 3. mgr. og iðgjalds sem er reiknað á grundvelli áhættustuðuls skv. 4. mgr. og renna í A-deild sjóðsins. Um ráðstöfun fjár úr deildinni skal fara samkvæmt lögum.

Almennt iðgjald skal nema sem svarar 0,225% á ári af öllum innstæðum, eins og þær eru skilgreindar í lögum þessum, hjá viðkomandi innlánsstofnun öðrum en þeim sem eru undanþegnar tryggingavernd samkvæmt lögum þessum eða 0,05625% á ársfjórðungslegum gjald-daga.

Auk iðgjalds skv. 3. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættu-  
stuðul sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Áhættu-  
stuðull skal lægst hafa gildið 0 og hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 3. mgr. margfaldað með áhættu-  
stuðlinum eins og hann er í lok þess ársfjórðungs sem iðgjald er greitt fyrir.

Gjalddagar almenns og áhættuvegens iðgjalds eru sem hér segir:

- a. Gjalddagi vegna 1. ársfjórðungs er 1. júní.
- b. Gjalddagi vegna 2. ársfjórðungs er 1. september.
- c. Gjalddagi vegna 3. ársfjórðungs er 1. desember.
- d. Gjalddagi vegna 4. ársfjórðungs er 1. mars næsta árs.

Iðgjöld eru óendurkræf. Þó getur stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta ákveðið að endurgreiða iðgjöld sem hafa verið ofgreidd vegna mistaka við útreikning.

Eigi síðar en 30 dögum eftir lok hvers ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 3.–4. mgr. byggist á. Skulu upplýsingarnar veittar í því formi sem sjóðurinn ákveður. Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands er skylt að afhenda sjóðnum upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til þess að sannreyna upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa afhent samkvæmt grein þessari. Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 7. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 3.–4. mgr. Slíkt iðgjald skal að lágmarki nema tvöfaldri síðustu álagningu ársfjórðungslegs iðgjalds viðkomandi innlánsstofnunar og er óheimilt að endurgreiða það þótt full skil verði gerð á öllum nauðsynlegum upplýsingum síðar.

Iðgjöld skulu greidd í krónum og sama á við um greiðslur úr deildinni.

Greiði innlánsstofnun sem er skylt að greiða iðgjald til sjóðsins ekki ársfjórðungslegt iðgjald á gjalddögum sem tilgreindir eru í 3.–5. mgr. leggst á iðgjaldið 5% álag fyrir hvern liðinn dag umfram gjalddaga, í fimm daga. Hafi fyrirtæki ekki staðið skil á iðgjaldi og álagi að þeim tíma liðnum tilkynnir stjórn sjóðsins um vanskil fyrirtækisins til Fjármálaeftirlitsins.

Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. er stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta heimilt í undantekningartilfellum að veita frest til greiðslu iðgjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalds innlánsstofnunar er stjórn sjóðsins heimilt að láta færa fjármuni sem nema þeim innlánnum sem orðið hafa til hjá hlutaðeigandi innlánsstofnun frá gjalddaga á reikning hennar hjá Seðlabanka Íslands þar til iðgjald hefur verið greitt.

Sé innlánsstofnun svipt heimild til að taka við innlánnum eða starfsleyfi í heild raskast ekki hagsmunir þeirra sem njóta tryggingaverndar.

3. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*B-deild.*

Eignir innstæðueildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og skuldbindingar eins og þær voru við gildistöku laga nr. 55/2011 og þær skuldbindingar sem á sjóðnum hvíldu samkvæmt lögum nr. 98/1999 á sama tímamarki tilheyra sérstakri deild, B-deild.

4. gr.

Í stað orðsins „sjóðnum“ í 1. og 4. málsl. 1. mgr., 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: verðbréfadeild sjóðsins.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

1. Í stað orðsins „innstæðudeild“ í 2. og 4. málsl. 1. mgr. kemur: A- eða B-deild.
2. 3. mgr. orðast svo:

Með innstæðu er átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.
3. 6. mgr. orðast svo:

Eftirfarandi innstæður eru undanskildar tryggingu skv. 1. mgr.:

  1. innstæður í eigu fjármálafyrirtækja,
  2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningaþvætti,
  3. innstæður fyrirtækis þar sem fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi,
  4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,
  5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
  6. innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul.,
  7. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn,
  8. innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun.

## 6. gr.

Í stað orðanna „innstæðudeildar og verðbréfadeildar“ í 11. gr. laganna kemur: deilda sjóðsins.

## 7. gr.

Við lögina bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

- a. (III.)

Þær greiðslur sem voru inntar af hendi á árinu 2011 og verða inntar af hendi á árinu 2012 til sjálfstæðrar deildar sjóðsins á grundvelli ákvæða til bráðabirgða I og II, sbr. lög nr. 15/2011 og nr. 55/2011, skulu renna til A-deildar sjóðsins.
- b. (IV.)

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. b skal gjalddagi vegna 1. og 2. ársfjórðungs 2012 vera 1. september 2012.
- c. (V.)

B-deild sjóðsins skal lögð niður þegar staðið hefur verið við skuldbindingar sem á deildinni hvíla við gildistöku ákvæðis þessa. Þeir fjármunir sem þá eru í B-deildinni skulu renna til A-deildar sjóðsins.

Nr. 79

29. júní 2012

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. júní 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Svandís Svavarsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2012